

## Viðar Hreinsson

### Jón Guðmundsson lærði og náttúrunar náttúrunnar á 17. öld

#### Verkefnið í hnotskurn

Verkefnið er ritun 400-500 blaðsíðna bókar um náttúruskyn og -skilning 17. aldar manna. Bókin verður fræðilega traust, nýstárleg og við hæfi almennings. Náttúruskyn 17. aldar birtist fyrst og fremst í gegnum hugarheim hins sjálfmenntaða fræðimanns, skálds og málara Jóns Guðmundssonar lærða (1574-1658). Ævi Jóns myndar söguþráð en grunntónn verksins verður samband hans og samtíðar við náttúruna, þekking, skynbragð, hugmyndir og heimsmynd, sett fram í víðu samhengi evrópskrar hugmyndasögu.

#### Verkefnislýsing.

Á 17. öld varð endurreisn í íslenskri menningu og bókmenntum. Nafngreindir höfundar stigu fram úr þoku þess nafnleysis sem hafði umlukið þá sem á miðöldum skráðu fræði og kvæði. Íslandslýsingar frá þessu tímabili eru til marks um nýja tíma. Sú fyrsta sem rituð var á íslensku er eftir Jón lærða: „Ein stutt undirréttung um Íslands aðskiljanlegu náttúrunar“. 17. öld var tími umskipta á Vesturlöndum því heimsmynd miðalda var að líða undir lok en farið að hilla undir upplýsinguna og nútímann. Þessar breytingar kristallast um margt í ritstörfum Jóns lærða og því má nota ævi hans og verk til að fjalla um náttúruskilning í hugmyndasögulegu samhengi. Með víðu sjónarhorni er efnið tengt aftur í tíma við hverfandi heimsmynd og fram til skynsemistrúar og framfaragoðsagna sem spruttu af upplýsingunni og sæta vaxandi gagnrýni, vegna þeirrar tvíhyggju sem um aldir hefur aðgreint manninn frá náttúrunni.

Stuðst er við fjölbreytt skrif Jóns: Ættfræði, rímur, særingakvæði, galdrakver, rit um Spánverjavígin, kvæði um útilegumannabyggð, Íslandslýsingu, lækningabækur og grasafreði, safnritið Tíðfordríf, rit um forna trú, sjálfsævikvæðið Fjölmód og allmörg minni kvæði af ýmsu tagi. Á meðal þessara rita eru veigamikil verk sem aldrei hafa verið prentuð. Þá verður verkið dýpkað með könnun annarra bókmennta frá 17. öld, Íslandslýsingum, kveðskap, annálum, sjálfsævisögum og -kvæðum auk þjóðtrúar og hugmynda um yfirskyggða staði, þ.e. leyndar útilegumannabyggðir, en Jón lærði átti drjúgan þátt í að móta þá trú. Fjallað er um bakgrunn Jóns í heimsmynd miðalda eins og hún birtist í íslenskum fornritum, ekki síst safnritum á borð við Hauksbók, sem vitað er að Jón hafði undir höndum, las og skrifaði útdrætti úr. Þáttur hinnar blómlegu og sérstæðu handritamenningar verður sérstaklega dreginn fram og staða Jóns í henni. Jón fékkst við lækningar sem á hans tímum tengdust því sem nú kallast galdur og því verður nokkuð fjallað um sögu lækninga og læknislistar, og hve gerólík þau fræði voru læknisfræði nútímans.

Til að víkka skírskotun verksins og styrkja fótfestu þess í evrópskri hugmynda- og vísindasögu verður til hliðar við meginsöguþráðinn rakin saga danska vísindamannsins Ole Worm, en hann kemur mikið við sögu íslenskra fræða á 17. öld, fyrst vegna áhuga síns á rúnum og fornfræðum en síðar einnig vegna náttúrugripasöfnunar sinnar. Worm hafði veður af Jóni og þeir hittust einu sinni þegar Jón var yfirheyrður af háskólaráði Hafnarháskóla vegna útleigðardóms hans fyrir galdur. Vísindaferill Worms verður notaður til þess að skýra þær hugmynda- og vísindasögulegu breytingar sem urðu á tímum Jóns. Þá verður sérstaklega grafið fyrir um hugsanleg óbein áhrif Worms á ritstörf Jóns, í gegnum bréfaskipti hans við íslenska lærdómsmenn.

Í framhaldi af útgáfu bókarinnar verða prentuð með nútímastafsetningu nokkur veigamikil verk Jóns lærða sem ekki hafa komið út fyrr og varpa ljósi á heimsmynd hans: Særingakvæðið „Fjandafæla“, „Tíðfordríf“ (samfíningsverk fornra fræða og náttúruathugana), rit um grasanáttúrur og lækningastafróf og loks kvæðið „Gamla taska“ ásamt flokki 26 kvæða undir vikivakaháttum sem varðveitt eru í handritinu Lbs 2131 4to. Á konunglega bókasafninu í Stokkhólmi og í söfnum í Kaupmannahöfn eru varðveittar mikilvægar heimildir um Jón. Í Stokkhómi er eina varðveitta uppskriftin af hluta af særingakvæðum hans, mikilvægt handrit sem geymir „Tíðfordríf“ og rit um grasanáttúrur auk rímnahandrits sem er nátengt Jóni. Í Kaupmannahöfn eru varðveittar heimildir um það þegar Jón var yfirheyrður af háskólaráði Kaupmannahafnarháskóla undir forsæti Ole Worm, auk þess sem kanna þarf fleiri gögn sem tengjast Worm því hann átti í samskiptum við Jón.

Verkið verður ætlað fróðleiksfúsum lesendum og áhugafólki um menningar- og hugmyndasögu, náttúrusögu og náttúruvernd. Fræðilegt gildi þess felst í því að 17. öld hefur aldrei verið gerð skil með þessum hætti sem felur í sér menningarsögulegt endurmat frá sjónarhorni vistrýni auk þess sem kannaðar eru rætur þeirrar náttúrudrottnunar nútímans sem stefnir heiminum í alvarlega vistkreppu. Líklega hefur ekki fyrr verið skrifað sambærilegt verk á Íslandi þar sem fléttað er með þessum hætti saman hugmyndasögu og ævisögu í því skyni að kanna náttúruskyn og hugmyndaheim fyrri tíma og draga þannig fram rætur heimsmyndar nútímans.

## Bygging verksins

**1. hluti:** Hverfandi heimsmynd miðalda er fléttað við forfeður, uppvöxt og sjálfsmenntun Jóns lærða, bókmenningu og náttúrufar sem hann skoðaði bernskum augum. Til hliðar verður Ole Worm kynntur til sögu, með allt annan bakgrunn en Jón og allt annan feril í vændum. Töluvert er um útistöður Jóns við galdramenn. Hápunktur þessa hluta er þegar Jón kveður niður draug á Snæfjallaströnd með mergjaðasta særingakvæði sem til er á íslensku en fyrsta hluta lýkur með

umfjöllun um skipti Jóns og Strandamanna við baskneska hvalveiðimenn, frásögn Jóns af Spánverjavíggunum svonefndu og flóttu hans af Ströndum í kjölfarið.

**2. hluti:** Flótti Jóns að Arnarstapa á Snæfellsnesi. Þekkingarástríða og bókaflíkn hans er í forgrunni, ætlað skólahald hans á Snæfellsnesi og önnur galdraiðja sem fyrst og fremst beindist að náttúrunni. Hann fékkst við leyndardóma hennar og merkingu, tengdist henni frekar en að ná valdi yfir henni. Rækilega er fjallað um „Hugrás“, rit séra Guðmundar Einarssonar þar þess er nánast krafist að Jón yrði tekinn af lífi fyrir galdur. Eftir að rit þetta komst á kreik varð Jón að flýja öðru sinni og að þessu sinni kom hann sér fyrir á Suðurnesjum um hríð. Málaferli Olafs Petersen, umboðsmanns á Bessastöðum, gegn Jóni fyrir galdur eru rakin ítarlega, útleigðardómur, ofsóknir og loks skjól Jóns í Bjarnarey úti fyrir Héraðsflóa. Ætluð galdraiðja Jóns var ein meginorsök hrakninga hans innanlands og utan og því verður fjallað ítarlega um galdratrú og tengsl hennar við náttúruna. Ofsóknirnar leiddu hann um síðir á fund danska læknisins, fornfræðingsins og prófessorsins Ole Worm þegar háskólaráð Kaupmannahafnarháskóla fjallaði um mál Jóns. Ítarlega verður fjallað um Ole Worm og verk hans með það fyrir augum að tengja umfjöllunina við hugmyndir lærðra manna á 17. öld um náttúruna. Hann skrifaðist á við nokkra af framsæknustu lærdómsmönnum Evrópu og einnig við íslenska menntamenn og þar var stundum minnst á rúnabekkingu Jóns. Fundur þessara tveggja ólíku manna, þegar Jón var yfirheyrður af háskólaráðinu, er merkilegur fyrir margra hluta sakir, þó fátt sé heimilda um hann.

**3. hluti:** Efri ár Jóns í skjóli Brynjólfs biskups Sveinssonar og sérstæð ritverk hans þar sem fléttast saman náttúruskoðun, siðferðishugmyndir og fjölbætt heimsmynd. Greining á náttúruskyni 17. aldar verður dregin saman og fullgerð í þessum lokahluta. Um leið verður umfjöllunin markvisst sett í hugmyndasögulegt samhengi, heimsmynd 17. aldar tengd við upplýsingu, skynsemishyggju og heimsmynd nútímans.

Unnið hefur verið að verkinu frá árinu 2011 en stefnt er að útgáfu haustið 2016.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Náttúruminjasafn Íslands sem styður við ritun þess, liðsinnir við fjármögnun og tekur auk þess þátt í útgáfunni.

Helstu styrktaraðilar til þessa eru: Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar stofnanda Hagkaups, Launasjóður fræðritahöfunda, Hagþenkir, Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar og Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna.